



Framkvæmda- fréttir 15. tbl. /07



Gjábakkavegur, úrskurður umhverfisráðherra

Núverandi Gjábakkavegur.

Umhverfisráðherra hefur staðfest úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar og hefur yfirstjórn Vegagerðarinnar falið Suðursvæði að hefja nú þegar undirbúning framkvæmda. Hér á eftir er úrskurðurinn birtur í heild.

Hinn 10. maí 2007 er kveðinn upp í umhverfisráðuneytinu svohljóðandi

Úrskurður:

Ráðuneytinu barst þann 26. júní 2006 kæra Péturs M. Jónssonar vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar, frá 24. maí 2006, um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar.

I. Málsvik og hin kærða ákvörðun.

Þann 24. maí 2006 kvað Skipulagsstofnun upp úrskurð sinn vegna mats á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar (365), Laugarvatn - Þingvellir, Bláskógabyggð. Skipulagsstofnun féllst á alla þá kosti sem framkvæmdaraðili lagði til vegna fyrirhugaðrar lagningar Gjábakkavegar frá Laugarvatni til Þingvalla í Bláskógabyggð samkvæmt leiðum 1, 2, 3, og 12a og samsett leið 2+1 austan Eldborgarhrauns og kostir 1, 7 og samsett leið 3+1 vestur yfir hraunið með skilyrðum.

Ráðuneytið fór í vettvangsferð með kæranda Pétri M. Jónssyni þann 19. október 2006.

Ráðuneytið átti fund með Ragnheiði H. Þórarinsdóttur sem er formaður Heimsminjanefndar Íslands þar sem farið var sérstaklega yfir afstöðu ICAMOS (*International council on monuments and sites*) sem fram kemur í bréfi dagsett 1. apríl 2004 varðandi leið 7.

Ráðuneytið óskaði eftir afstöðu Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar með bréfum dagsettum 20. júlí 2006 þar sem óskað var eftir afstöðu þeirra vegna þess álitamáls hvort ráðuneytið hafi heimild til að kveða upp úrskurð um kæru á úrskurði Skipulagsstofnunar frá 24. maí 2006 um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar. Það er hvort beri að fara með mat á umhverfisáhrifum umræddrar framkvæmdar eftir reglum sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 74/2005. Var það álit Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar að fara bæri eftir eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur verið breytt með lögum nr. 74/2005 og öðlaðist sú breyting gildi 1. október 2005. Varðandi lagaskil vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sem þegar var hafið þegar ný lög tóku gildi þann 1. október 2005 segir í ákvæði til bráðabirgða að þegar matsskýrsla hefur verið send Skipulagsstofnun fyrir 1. október 2005 sé heimilt að ljúka mati á umhverfisáhrifum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 15. tbl. 15. árg. nr. 469 21. maí 2007

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

lögum. Með vísun til framangreinds fer um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar samkvæmt eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Var kæranda tilkynnt um niðurstöðu þessa með bréfi dagsettu 4. september 2006.

II. Kæruatriði og umsagnir um þau.

Pétur M. Jónasson gerir þá kröfu að umhverfisráðherra felli þann hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar sem lýtur að leið 7 úr gildi þar sem sú leið hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Helstu rök kæranda fyrir kröfu sinni eru að leið 7 sé hönnuð í andstöðu við ákvæði 1., 3. og 4. gr. laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005. Lagning vegar skv. leið 7 muni búa til tvöfalt vegakerfi þar sem núverandi leið yrði enn notuð. Lagning leiðar 7 muni leiða til að hraðbraut yrði heimtuð í gegnum sjálfan þjóðgarðinn af Bláskógabyggð. Jafnframt að lagning samkvæmt leið 7 muni leiða til aukningar á köfnunarefnismengun vatnasviðs Þingvallavatns sem geti riðlað fæðuvef murtunnar, búsvæðum sílarbleikju og hrygningarstöðvum kuðungableikju í Ólafsdreppi norðan Arnarfells, en bleikjuafbrigðin eru friðuð af UNESCO og Alþingi. Einnig bendir kærandi á að köfnunarefnismengun geti ógnað framtíðarvatnsbóli og neysluvatni SV-Íslands.

Kærandi bendir á að áætlun framkvæmdaraðila Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir tvöföldun á umferð um leið 7 þ.e. um 500-600 bílar á sólarhring árið 2010 miðað við aðeins um 200 bíla um Kóngsveg sem leiðir til tvöföldunar á köfnunarefnismengun frá útblæstri bíla á hraunið. Köfnunarefnismengun úr lofti mun þá valda um helmingi af allri köfnunarefnismengun á svæðinu. Telur kærandi það skyldu íslensku þjóðarinnar að vernda vistkerfi Þingvallavatns fyrir köfnunarefnismengun og hin fjögur bleikjuafbrigði og búsvæði þeirra. Ekki væri hægt að útiloka að Þingvallarsvæðið yrði tekið af heimsminjaskrá ef vistkerfi Þingvallavatns verði ekki verndað.

Telur kærandi að áhrifasvæði framkvæmdarinnar sé með mikilvægustu náttúruverndarsvæðum og sögustöðum landsins

og með mikið verndargildi á lands- og alþjóðavísu og að landslagið sé opið og því viðkvæmt fyrir breytingum. Áhrifin verði mikil að umfangi enda þverskorið á óskert hraun, áhrifin séu óafturkræf og munu hafa áhrif á fjölda fólks sem sérstaklega sækir svæðið til að njóta sögulegs og náttúrufarslegs gildis þess. Telur kærandi að Skipulagsstofnun taki ekki tillit til stærðar sigdældarinnar, verndargildi landslagsheildar og ásyndar á svæðinu frá helstu útsýnisstöðum og áhrifa á einstakar jarðmyndanir innan þess. Að mati kæranda leiða þessi atriði til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum.

Ráðuneytið lítur svo á að kærandi sé ekki að gera kröfu um að úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar hvað varðar leið 1, þ.e. uppbyggingu núverandi vegar sé felldur úr gildi eða breytt enda er það sú leið sem kærandi telur rétt að verði farin skv. röksemdum sem fram koma í kæru hans. Ráðuneytið mun því ekki fjalla um sérstaklega um umhverfisáhrif vegna leiðar 1.

Ráðuneytið óskaði með bréfum dagsettum 1. september 2006 eftir umsögnum frá Skipulagsstofnun, Bláskógabyggð, Ferðamálaráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Vegagerðinni um fram komnar kærur. Var umsagnaraðilum veittur frestur til 16. september 2006 til að senda inn umsagnir sínar.

Í umsögn Skipulagsstofnunar frá 21. september 2006 kemur fram að stofnunin hafni þeirri röksemd kæranda að ekki hafi verið tekið tillit til laga sem gilda um vatnasvið Þingvallavatns, grunnvatns og köfnunarefnismengunar vatnasvið Þingvallavatns, gildi landslags og umhverfisraka, kosti Kóngsleiðar og einnig að stofnunin hafi ekki fylgt 10 gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á að upplýsingar um þau lög sem kærandi vísi til hafi allar legið fyrir við úrskurð stofnunarinnar og að úrskurðurinn gangi ekki í berhögð við þau. Skipulagsstofnun telur að kærandi rökstyðji ekki þá fullyrðingu um að stofnunin hafi ekki fylgt 10 gr. laga nr. 106/2000 enda telur stofnunin sig hafa farið í einu og öllu eftir framangreindum lögum í hinum kærða úrskurði. Skipulagsstofnun telur að staðfesta beri hinn kærða úrskurð stofnunarinnar.

Í umsögn Bláskógabyggðar dagsett 4. október 2006 segir að markmiðið með byggingu nýs Gjábakkavegar er að byggja upp heilsársveg með 90 km hámarkshraða sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til vega í dag og telur sveitarstjórnin að slíkan veg sé ekki hægt að byggja upp í núverandi vegstæði. Gjábakkavegur eigi að þjóna íbúum Bláskógabyggðar, eigendum 2000 frístundahúsa og öðrum sem leið eiga um upp-sveitir Árnassýslu. Er bent á að samkvæmt könnunum komi um 300.000 manns á ári í uppsveitirnar en spár gera ráð fyrir því að innan fárra ára verði þeir orðnir 800.000.

Bláskógabyggð hafnar því að um tvöfalt vegakerfi verði að ræða og vísa í að skv. aðalskipulagi Laugardalshrepps og Þingvallasveitar er núverandi Gjábakkavegur skilgreindur

Héðinsfjarðargöng

Vinna við gerð Héðinsfjarðarganga hefur gengið vel Siglufjarðarmegin undanfarna viku (viku 19).

Nú í byrjun viku 20 er lengd ganga Siglufjarðarmegin um 1.634 m og lengdust göngin þeim megin um 77 m sl. viku.

Ólafsfjarðarmegin er áframhaldandi stopp á sprengivinnu í göngum (gangalengd 1.160 m) og hefur hún nú legið niðri í um fjórar vikur vegna skorts á begþéttingabúnaði verktaka. Búnaðurinn er á leiðinni til landsins og biðtíminn er notaður til að vinna að endanlegum styrkingum ganga og hefur sú vinna gengið vel í síðustu viku.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 15. maí 2007. Búið er að sprengja 1.634 m í Siglufirði og 1.160 m í Ólafsfirði.

sem reið- og gönguleið og auk þess hvílir á honum hverfisvernd sem hluti af Kóngsveginum frá 1907. Leggur sveitarstjórn áherslu á að grípa verði til sérstakra ráðstafana til að hindra umferð bifreiða áfram núverandi leið eftir að nýr vegur verði tekin í notkun milli Þingvalla og Laugarvatns og koma þannig í veg fyrir óæskilegt tvöfalt vegakerfi.

Bláskógabyggð leggur ennfremur mikla áherslu á að tekið verði tillit til öryggisþátta við lagningu nýs Gjábakkavegar. Ennfremur telur sveitarstjórn að endurbætur á núverandi vegi muni ekki síður hafa í för með sér óæskileg áhrif á landslagið en lagning vegar í vegstæði 7 og 3. Hafna þeir einnig þeirri gagnrýni Péturs M. Jónassonar að leið 3 og 7 muni hafa í för með sér aukna umferð og þar af leiðandi aukna köfnunarefnismengun. Kærandi hafi sjálfur barist fyrir upptöku Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO og m.a. beitt þeim rökum að sú ákvörðun muni efla til muna straum ferðamanna til svæðisins. Að mati sveitarstjórnar mun sú aukning á komum ferðamanna auka álag á þjóðgarðinn og svæðið með óæskilegum aukaverkunum eins og aukinni köfnunarefnismengun en ekki lega Gjábakkavegar í vegstæði 3 og 7.

Bláskógabyggð tekur fram að þýðing Gjábakkavegar fyrir framtíðarþróun í sveitarfélaginu sé mikil og að væntingar til framkvæmdarinnar hafi verið miklar. Muni heilsársvegur milli Þingvallasveitar og Laugarvatns stytta akstur skólabarna um 80 km á dag miðað við núverandi aksturslengd. Ekki sé ásættanlegt fyrir íbúa og gesti Bláskógabyggðar að fá ekki að ferðast samkvæmt nútímalegum viðmiðunum þ.e. á 90 km heilsárs vegi þar sem öryggiskröfum sé fullnægt.

Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir að útsýni af leið 7 og 3 verði ekki eins mikið og frá núverandi vegi en benda á umsögn Ferðamálaráðs þar sem ráðið mælir með leið 7 og 3 þar sem það leggur áherslu á styttingu leiða og öryggi ferðafólks. Og að leið 7 og 3 opnar útsýni til fjallanna norðan við núverandi leið sem ekki er ástæða til að vanmeta.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur fram í umsögn sinni að það hafi ítrekað hvatt til að farið verði að gát við ákvörðun um allar framkvæmdir í nálægð við vatnasvið og lífríkis Þingvallavatns jafnframt því að benda á mikilvægi þess til framtíðar að Þingvallavatn og vatnasvið þess sé virt að fullu. Heilbrigðiseftirlitið tekur undir mörg af þeim atriðum sem fram koma í kæru Péturs M. Jónassonar er varðar verndun Þingvallavatns, grunnvatns og yfirborðsvatns og að fara skuli með sérstakri aðgát vegna allra hugmynda um framkvæmdir við úrbætur Gjábakkavegar og mæla með að þeir þættir verði skoðaðir frekar og horft verði til lengri framtíðar m.a. vegna vatnsöflunar, þróun í náttúruvernd og ferðaþjónustu auk mikilvægi svæðisins í heild og fyrir þjóðina alla og aðra sem vilja heimsækja og njóta einstakra náttúruundra sem á svæðinu eru.


Vegagerðin bendir á í umsögn sinni að það breyti engu hvað varðar umferðarþunga né umferðarhraða innan þjóðgarðsins á Þingvöllum hvort nýr Gjábakkavegur verði byggður upp

skv. leið 1 eða leið 3+7. Hvað varðar hættu á tvöföldu vegakerfi bendir Vegagerðin á í umsögn sinni að það sé Bláskógabyggð sem fari með skipulagsvaldið í sveitarfélaginu, og að sveitarfélagið áformi að núverandi vegur nýtist sem göngu- og reiðleið verði nýr vegur lagður og að hverfisvernda Kóngsveginn sem liggur víða samsíða núverandi vegi. Engin áform séu því um að áframhalda óbreyttri nýtingu núverandi vegar fyrir bílaumferð verði leið 3+7 valin.

Hvað varðar gildissvið laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess bendir Vegagerðin á í umsögn sinni að lögin feli ekki í sér friðun á öllu vatnasviði Þingvallavatns en að tilgangur þeirra sé að stuðla að verndun lífríkis vatnsins og vatnasviði þess. Lögin sjálf gera ráð fyrir að ekki verði komist hjá raski vegna mannvirkjagerðar á vatnsverndarsvæðinu. Því hafi umhverfisráðherra verið veittar heimildir til að setja nánari reglur um jarðrask byggingu mannvirkja töku jarðefna o.fl. og jafnframt sveitarstjórn fengin heimild til að binda framkvæmdir innan svæðisins sérstökum skilyrðum. Jafnframt telur Vegagerðin að ekki verði gerður greinarmunur á mismunandi valkostum hvað þetta varðar enda liggi allir valkostir innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns. Vísað er í matskýrslu þar sem fram kemur að engin áform eru uppi um vatnstöku á Þingvallarsvæðinu skv. upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur. Framkvæmdaraðili vísar í greinargerð matsnefndar UNESCO vegna tilnefningar Þingvalla á heimsminjaskrá þar sem fram koma ráðleggingar frá ICOMOS um að vernda Þingvallavatn sem eitt vistkerfi svo að hægt verði að stemma stigu við mengun frá sumarþróðum sem standa við vatnið en eru utan þjóðgarðs en að ekki sé minnst á hættu á mengun vegna nýrrar vegalagningar. Telur Vegagerðin að leið 3+7 samræmist ákvæðum laga um verndun Þingvallavatns enda verði þess gætt að vatni verði ekki spillt og í einu og öllu farið að þeim skilyrðum sem verða sett. Benda þeir á að lög um vernd Þingvallavatns feli ekki í sér bann við vegagerð eða annarri uppbyggingu innan svæðisins.

Hvað varðar köfnunarefnismengun vegna útblásturs bifreiða tekur Vegagerðin fram að gert sé ráð fyrir sama magni umferðar hvort sem farið verði leið 1 eða 3+7. Vegagerðin telur að mengun af völdum útblásturs verði jafnvel enn meiri á leið 1 en á leið 3+7 þar sem leið 3+7 liggur um jafnara land. Vegagerðin tekur fram að hún geri sér grein fyrir að um viðkvæmt svæði sé að ræða og mun með góðu verklagi draga úr hættunni á að framkvæmdirnar valdi mengun á vatni. Farið verði eftir reglum sem gildi á svæðinu í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Vegagerðin bendir á í umsögn sinni varðandi heimsminjaskrána að leið 3+7 fari ekki um land Gjábakka og sé því ekki innan þess svæðis sem er á heimsminjaskrá og hluti af þjóðgarðinum. Er það mat framkvæmdaraðila að tilkoma nýs Gjábakkavegar skv. leið 3+7 spilli ekki einkennum Þingvalla eins og þeim er lýst í umsókn um aðild að heimsminjaskrá. Vegagerðin ítrekar að leið 3+7 sé ekki innan hins heimsminja-



Samtals er búið að sprengja 2.794 m sem er 26,4% af heildarlengd.




skráða svæðis og að Heimsminjanefnd Íslands telji hana ásættanlegan kost.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni hvað varðar köfnunarefnismengun að ljóst sé með vísan til gildandi laga og reglugerða ásamt því að Þingvellir séu á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna UNESCO að Íslendingum beri skylda til að gæta þess að lífríki Þingvallavatns verði ekki raskað og að tryggja að allri mengun verði haldið í lágmarki. Í fyrri umsögnum sínum hafi Umhverfisstofnun bent á að „helstu stressþættir til aukinnar köfnunarefnisákomu séu uppblástur, áburðarnotkun, skólp og loftaðborin ákoma.“ Með tilkomu hvarfakúta hafi styrkur nituroxíða í útblæstri minnkað þrátt fyrir aukna umferð. Við mat á styrk nituroxíðs í útblæstri frá bílum verður þó að hafa í huga að hann ræðst m.a. af tegund umferðar og gerð bíla og jafnframt að styrkur hans eykst með auknum hraða. Aukin umferð um Þingvallarsvæðið í heild sinni, t.d. vegna skráningar Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO muni auka hlut

umferðar í köfnunarefnismengun á svæðinu og er að mati Umhverfisstofnunar full þörf á að meta hugsanlega áhrif þess á Þingvallavatn. Stofnunin tekur undir það með kæranda að rannsóknir á vistkerfi Þingvallavatns sýni ótvírátt hvernig köfnunarefnismengun virkar og að ljóst sé að aukning í magni köfnunarefnis geti raskað jafnvægi í lífríki Þingvallavatns. Stofnunin telur að náttúran eigi að njóta vafans í þessum efnunum og að við lagningu Gjábakkavegar eigi að velja þann valkost sem er í mestri fjarlægð frá þekktum hrygningarsvæðum.

Hvað varðar röksemd kæranda um að leið 7 sé í andstöðu við ákvæði 1., 3. og 4 gr. laga nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess telur Umhverfisstofnunin að því norðar sem Gjábakkavegur liggur því betri aðstæður skapist til að nýta ómengað vatnsból Eldborgarsvæðisins og að leið 7 liggji of nálægt vatnstökustað. Vísar stofnunin til 3. gr. laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005 þar sem segir að innan verndarsvæðisins sé óheimilt að gera




Gjábackkavegur vestari hluti
Austari hluti, sjá næstu bls.
Loftmynd: Ísgraf ehf. 1996, 2000

nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisstofnun bendir á að allar veglínur sem skoðaðar hafa verið, einnig leið 1 liggja innan þess svæðis sem njóta verndar skv. fyrrgreindum lögum. Hvað varðar framtíðarvatnsnýtingu á svæðinu sé þó ljóst að leið 7 muni liggja töluvert nær hugsanlegum vatnstökustöðum en leið 1 og því meiri hættu á að mengun frá umferð berist út í neysluvatn ef vegur verður lagður skv. leið 7. Telur stofnunin því að með hliðsjón af vatnsvernd á svæðinu beri fremur að velja leið 1 en 7.

Hvað varðar náttúruminjar tekur Umhverfisstofnun fram að Þingvallasvæðið sé sérstakt og jarðfræðilega fjölbreytilegt svæði sem sé viðkvæmt fyrir raski. Þær jarðmyndanir sem einkenna þann hluta framkvæmdarsvæðisins sé sérstæð á heimsvísu, þ.e. eldhraun frá gígaröðum, ummerki gliðunar Atlantshafshryggisins á þurru landi og móbergshryggir. Þó eldhraun og móbergshryggir séu algengar jarðmyndanir á landsvísu telur stofnunin að líta verði til þess að á þessu svæði

sé að finna allar þessar jarðmyndanir á tiltölulega afmörkuðu svæði. Það er mat stofnunarinnar að uppbyggður vegur skv. leið 7 verði áberandi í því opna landslagi sem einkennir vesturhluta framkvæmdarsvæðisins og að hún muni raska Eldborgarhrauni með áberandi hætti og verða lýti í hrauninu og jafnframt skapa nýtt sár (mannvirkjabelti) þvert á brotastefnu sigdældarinnar. Að mati stofnunarinnar gerir sú staðreynd að Eldborgarhrauni hafi verið raskað geri það enn brýnna en ella að forðast rask á því og þá sérstaklega í þeim mæli sem hér um ræðir. Að mati stofnunarinnar er það ekki sjálfgefið að eldra rask réttlæti frekara rask á svæðinu heldur gefur það frekar tilefni til að nýta það mannvirkjabelti sem fyrir er.

Hvað varðar þá röksemd kæranda að verði leið 7 heimiluð verði afleiðingin sú að hraðbraut verði heimtuð í gegnum sjálfan þjóðgarðinn fljótlega af Bláskógabyggð bendir stofnunin á að ekki sé í skýrslunni fjallað um Gjábackkaveg í samhengi við aðliggjandi vegi né hvernig bregðast eigi við aukinni umferð um þjóðgarðinn. Er það mat Umhverfisstofnunar að skammtímaáhrif fyrirhugaðrar vegagerðar skv. valkosti Vegagerðarinnar muni að öllum líkindum verða þau að gegnumstreymisumferð um þjóðgarðinn eykst en þar til viðbótar kemur aukning á fjölgun ferðamanna á Þingvöllum vegna UNESCO friðunar. Langtímaáhrif verði líklega þau að farið verði fram á enn frekari framkvæmdir í eða við þjóðgarðinn á Þingvöllum.



Umhverfisstofnun bendir á hvað varðar þá röksemd að Vegagerðin búi til tvöfalt vegakerfi þá bendir stofnunin á að Gjábackkavegur sé og verði væntanlega notaður fyrst og fremst sem ferðamannavegur að sumarlagi. Stærstur hluti umferðarinnar fer um svæðið á sumarlagi og sé þá sama um hvort um er að ræða erlenda ferðamenn eða sumarhúsa-eigendur. Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að komið verði upp tvöföldu vegakerfi á svæðinu með tilheyrandi raski á svæði sem hefur vermdargildi á heimsvísu heldur eigi að miða við að leggja veg um svæðið sem þjónar hagsmunum flestra þeirra sem um svæðið fara þ.e. innlendum og erlendum ferðamönnum. Stofnunin tekur jafnframt undir þá röksemd kæranda að við hönnun vegarins skv. leið 7 sé horft fram hjá hlutverki hans sem ferðamannavegar en fremur einblínt á takmarkaðan ávinning af auknum hraða á nýrri leið.

Umhverfisstofnun tekur undir þá skoðun kæranda í umsögn sinni að leið 1 sé ásættanleg leið með tilliti til umhverfisáhrifa og að hún muni hafa mun minni umhverfisáhrif á alla umhverfishætti en leið 7. Telur stofnunin að fyrirhuguð vegagerð í Eldborgarhrauni muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Veidimálastofnun tekur fram í umsögn sinni að hún taki undir sjónarmið kæranda um mikilvægi og sérstöðu Þingvallavatns, vatnasvið þess og lífríki en hins vegar sé stofnunin ekki

faglega í stakk búin að fjalla um þau hugsanlegu áhrif köfnunarefnismengunar frá umferð um mismunandi veglínukosti.

Ráðuneytið sendi fram komnar umsagnir til kæranda og var honum boðið að koma að athugasemdum sínum við þær. Í athugasemdum kæranda minnir hann á að allt Þingvallavatn sé friðað á heimsmínjaskrá UNESCO og því þurfi að gæta sérstakrar varúðar á vatnasviði þess og þar sem vatnasviðið sé ein órofa heild. Kærandi bendir einnig á að hvorki Skipulagsstofnun né Umhverfisstofnun telji sig geta metið köfnunarefnismengun Þingvallavatns. Því leggur kærandi til að fengnir verði sérstakir matsmenn til að meta köfnunarefnismengun Þingvallavatns. Í athugasemdum sínum tekur kærandi fram að í raun sé 0-kostur með lagningu slitlags besti kosturinn, en telur að leið 1 eins og hún er áætluð fyrir 70 km hraða á klst. en hönnuð fyrir 90 km akstur óásætlanlega. Kærandi ítrekar þá kröfu sína að leið 7 sé ekki ásættanlega þar sem hún eyðileggi óskert víðerni á Eldhrauninu, leiðin liggir rúma 100 m frá Ólafsdretti og að bílamengun áætlaðra 500 bíla virki eins og saltpétursáburður á hrygningarstað bleikjunnar í Ólafsdretti.

III. Niðurstaða um kærutíði.

Kærandi gerir þá kröfu að umhverfisráðherra felli þann hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, malbik

07-042

Tilboð opnuð þriðjudaginn 8. maí 2007. Yfirlagnir, með malbiki, á Suðvestursvæði árið 2007.

Helstu magnþölur eru:

Malbik	10.300 tonn
Útlögn	81.000 m ²
Undirvinna axla :	6.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	165.267.100	100,0	26.652
4 Malbikun H.G. og Malbikun og völtun ehf., Reykjavík	164.183.610	99,3	25.568
3 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík	143.735.660	87,0	5.120
2 Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	139.845.605	84,6	1.230
1 Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	138.615.500	83,9	0

Yfirlagnir á Suðursvæði

2007-2008, klæðing

07-034

Tilboð opnuð þriðjudaginn 15. maí 2007. Yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði og Suðvestursvæði á árunum 2007 og 2008. Heildarlegnd yfirlagna er u.p.b. 72 km. Helstu magnþölur eru:

Einföld klæðing	
Árið 2007	205.000 m ²
Árið 2008	250.000 m ²
Tvöföld klæðing	
Árið 2007	30.000 m ²
Efra burðarlag	
Árið 2007	5.000 m ³

Verklok verkhluta eru 1. september hvort ár.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	116.350.000	100,0	37.656
3 Borgarverk ehf., Borgarnesi	97.800.000	84,1	19.106
2 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða Selfossi	88.825.000	76,3	10.131
1 Slitlag ehf. og Fasteignaver ehf., Hellu	78.694.000	67,6	0

Gjábakkavegar sem lýtur að leið 7 úr gildi þar sem sú leið hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

1.

Kærandi færir í fyrsta lagi þau rök fyrir kröfu sinni að leið 7 sé hönnuð í andstöðu við ákvæði 1., 3. og 4. gr. laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005. Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að því norðar sem Gjábakkavegur liggur því betri aðstæður skapist til að nýta ómengað vatnsból Eldborgarsvæðisins og að leið 7 liggir of nálægt vatnstökustað. Vísar stofnunin til 3. gr. laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess því til stuðnings. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að allar veglínur sem skoðaðar hafa verið, einnig leið 1 liggja innan þess svæðis sem njóta verndar skv. fyrrgreindum lögum. Hvað varðar framtíðarvatnsnýtingu á svæðinu sé þó ljóst að leið 7 muni liggja töluvert nær hugsanlegum vatnstökustöðum en leið 1 og því meiri hætta á að mengun frá umferð berist út í neysluvatn ef vegur verður lagður skv. leið 7. Telur stofnunin því að með hliðsjón af vatnsvernd á svæðinu beri fremur að velja leið 1 en 7. Skipulagsstofnun hafnar í umsögn sinni að ekki hafi verið tekið tillit til laga sem gilda um vatnasvið Þingvallavatns. Vegagerðin bendir á í umsögn sinni að framangreind lög feli ekki í sér friðun á öllu vatnasviði Þingvallavatns en að tilgangur þeirra sé að stuðla að verndun lífríkis vatnsins og vatnasviði þess. Vísar framkvæmdaraðili til þess að lögin sjálf gera ráð fyrir að ekki verði komist hjá raski vegna mannvirkja-gerðar á vatnsverndarsvæðinu. Jafnframt telur Vegagerðin að ekki verði gerður greinarmunur á mismunandi valkostum hvað þetta varðar enda liggja allir valkostir innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns. Telur Vegagerðin að leið 3+7 samræmist ákvæðum laga um verndun Þingvallavatns enda verði þess gætt að vatni verði ekki spillt og í einu og öllu farið að þeim skilyrðum sem verða sett.

Í lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs nr. 85/2005 þess segir í 1. gr. að tilgangur laganna sé að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í 3. gr. er síðan kveðið á um að á verndarsvæðinu sé óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Er umhverfisráðherra falið að setja nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar, þar með talið að setja reglur um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarfremkvæmdir auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna. Sveitarfélögum er að auki heimilað að binda byggingar- og framkvæmdarleyfi sem hún gefur út á grundvelli skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skilyrðum um verndun vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins. Í 4. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um verndun lífríkis Þingvallavatns og að þess skuli gætt að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðum bleikju og urriðastofna. Umhverfisráðherra eru veittar sérstakar valdheimildir í 2. mgr. 4. gr. auk hinna almennu valdheimilda sem önnur stjórnvöld hafa til að setja reglur um takmarkanir á losun úrgangsefna og frárennsli og fráveitur í vatnið. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að slíkar reglur yrðu sérstakar og strangari en almennt gilda um slík mál. Gert er ráð fyrir að slíkar ákvarðanir um bann við losun í Þingvallavatn verði ráðherra að taka að höfðu samráði við hlutadeigandi sveitarstjórnir, Þingvallanevnd að því varðar Þjóðgarðinn á Þingvöllum og iðnaðarráðuneyti. Þann 13. júlí 2006 setti ráðherra reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns og er hún númer 506. Í 1. gr. þeirrar reglugerðar kemur fram að markmið hennar sé að: „að stuðla að verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi, að tryggja að innan verndarsvæðisins verði yfirborðsvatni eða grunnvatni ekki spillt eða það mengað, svo sem vegna jarðrasks, byggingar mannvirkja, búsetu, borunar eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og rækt-

unarframkvæmda eða vegna flutninga og meðhöndlunar eiturefna og hættulegra efna, að tryggja að tegundum, búsvæðum, vistgerðum og líffræðilegri fjölbreytni Þingvallavatns verði ekki spillt og að lífríki þess fái eftir því sem kostur er að þróast eftir eigin lögmálum.“

Fram kemur í 2. gr. reglugerðarinnar að hún gildi um athafnir og framkvæmdir sem áhrif geta haft á vatnsgæði á verndarsvæði Þingvallavatns eða lífríki Þingvallavatns. Fram kemur í 4. mgr. 4. gr. að við skipulag frístundarbyggðar, útivistar og umferðar skuli þess gætt að mengunarhætta og röskun lífríkisins verði sem minnst. Í 9. gr. reglugerðarinnar eru gerðar sérstakar kröfur vegna útgáfu sveitarstjórnar á byggingar- og framkvæmdaleyfa innan verndarsvæðisins og ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar Suðurlands áður en leyfi er veitt til framkvæmda á svæðinu. Að auki er í 13. gr. reglugerðarinnar sérstaklega fjallað um lagningu og viðhald vega. Þar er meðal annars kveðið á um að áður en bundið slitlag sé lagt á svæðinu

skuli framkvæmdaraðili útbúa verklagsreglur sem miða að því að lágmarka mengun og þurfa þær að hljóta samþykki Umhverfisstofnunar. Settar eru hömlur á vöruflutninga um verndarsvæðið í 14. gr. og eru m.a. þungaflutningar óheimilir svo og flutningur á eiturefnum og hættulegum efnum nema að uppfylltum sérstökum skilyrðum.

Ráðuneytið telur því að ítarlegar og strangar reglur gilda um athafnir og framkvæmdir sem geta haft áhrif á vatnsgæði verndarsvæðis Þingvallavatns og vatnasvæðis þess auk lífríkis Þingvallavatns. Sérstakar kröfur hafa verið settar um vegagerð innan svæðisins sem er ætlað að tryggja að vegagerð innan þess verði framkvæmd á þann hátt að þær uppfylli markmið laga og reglugerða um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Skýrar reglur eru jafnframt um aðkomu vídeigandi stjórnvalda vegna slíkra framkvæmda. Með setningu framangreindrar reglugerðar hafa því verið sett sértæk ákvæði sem gilda um framkvæmdir á svæðinu sem ganga mun lengra en almennar reglur um vatnsvernd. Með vísun til ofangreinds felst ráðuneytið ekki á þá röksemd kæranda að leið 7 brjóti

Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg sjá auglýsingu



gegn 1., 3. og 4. gr. laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005.

2.

Kærandi færir þau rök fyrir kröfu sinni að lagning vegar skv. leið 7 muni leiða til aukningar á köfnunarefnismengun á vatnasviði Þingvallavatns sem geti riðlað fæðuvef murtunnar, búsvæðum sílarbleikju og hrygningarstöðvum kuðungableikju í Ólafsdreppi norðan Arnarfells, en bleikjuafbrigðin eru friðuð af UNESCO og Alþingi. Einnig bendir kærandi á að köfnunarefnismengun geti ógnað framtíðarvatnsbóli og neysluvatni SV-Íslands. Bláskógabyggð hafnar þessari röksemd og bendir á það sé aukningin á komum ferðamanna til svæðisins sem muni auka álag á þjóðgarðinn og svæðið með óæski- legum aukaverkunum eins og aukinni köfnunarefnismengun en ekki lega Gjábakkavegar í vegstæði 3+7. Í fyrri umsögnum sínum hefur Umhverfisstofnun bent á að „helstu stressþættir til aukinnar köfnunarefnisákomu séu uppblástur, áburðar- notkun, skólp og loftaðborin ákoma.“ Þó hafi með tilkomu

hvarfakúta minnkað styrkur köfnunarefnisoxíða í útblæstri þrátt fyrir aukna umferð. Stofnunin telur að aukin umferð um Þingvallasvæðið í heild sinni, t.d. vegna skráningar Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO muni auka hlut umferðar í köfnunarefnismengun á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur jafnframt undir það með kæranda að rannsóknir á vistkerfi Þingvallavatns sýni ótvírætt hvernig köfnunarefnismengun virkar og að aukning í magni köfnunarefnis í vatninu geti raskað jafnvægi í lífríki Þingvallavatns. Stofnunin telur að almennt með hliðsjón af vatnsvernd beri fremur að velja leið 1 en 7. Vegagerðin bendir á í umsögn sinni að gert sé ráð fyrir sama magni umferðar hvort sem farið verði leið 1 eða leið 3+7. Vegagerðin telur jafnframt að mengun af völdum útblásturs verði jafnvel enn meiri á leið 1 en á leið 3+7 þar sem leið 3+7 liggur um jafnara land.

Ráðuneytið telur ljóst að með skráningu Þingvallasvæðisins á heimsminjaskrá UNESCO muni umferð aukast um svæðið. Af því megi draga þá ályktun að hlutur umferðar í köfnunarefnismengun á svæðinu gæti aukist. Hins vegar hafi með



Auglýsingar útboða

Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg 07-064

Vegagerðin og Kópavogsbær óska eftir tilboðum í breikkun og færslu Nýbýlavegar í Kópavogi. Um er að ræða 650 m kafla, þar sem gera á tvö hringtorg á Nýbýlavegi og þrenn undirgöng ásamt endurbyggingu tenginga við Hafnarfjarðarveg. Einnig er innifalinn færsla og endurlögn á raf- og símastrengjum, þ.m.t. á 132 kV háspennustreng, breytingar og nýlagnir vatns- og fráveitulagna, öll landmótun og frágangur í samræmi við útboðsgögn.

Helstu magntölur eru:

Skering	76.000 m ³
Regnvatnsræsi	1.750 m
Fylling og burðarlög	79.000 m ³
Malbik	20.000 m ²
Stálbogagöng	62 m
Mótafletir	3.000 m ²
Steypustyrktarjárn	109.000 kg
Steinsteypa	1.040 m ³
Ídráttarör	3.860 m
Rafstrengir	1.030 m
Símastrengir	2.490 m

Verkinu er skipt í áfanga en því skal að fullu lokið 15. júlí 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 22. maí 2007. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl 14:00 þriðjudeginum 12. júní 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vegamálastjóri
Bæjarverkfræðingurinn
í Kópavogi



setningu reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns verið settar strangar reglur til að draga úr losun köfnunarefnis frá tilteknum uppsprettum. Settar hafa verið reglur um notkun áburðar sbr. 1. mgr. 7. gr. sem bannar losun áburðar í yfirborðsvatn og 8. gr. þar sem settar eru skorður við notkun á áburði á svæðinu. Í 15. gr. reglugerðarinnar eru einnig gerðar kröfur um að beita skuli ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun. Sérstaklega er tekið fram að þau mengunarefni sem Þingvallavatn er talið sérstaklega viðkvæmt fyrir séu hreinsuð ítarlega. Tekið er fram að þau efni séu m.a. köfnunarefni og saur. Að mati ráðuneytisins hafa því nú þegar verið settar strangar reglur til að draga úr ákomu köfnunarefnis á svæðinu frá þeim upptökum sem taldar hafa verið megin uppruni köfnunarefnismengunar sem rennur í Þingvallavatn að mati Umhverfisstofnunar.

Ráðuneytið bendir á að með samþykkt laganna um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og setningu reglugerðar skv. þeim felist ákvörðun um að vernda beri sérstaklega vistkerfi Þingvallavatns fyrir köfnunarefnismengun og að reglugerðin sé útfærsla á því hvernig best væri staðið að slíkri verndun. Reglugerðinni er einnig ætlað að tryggja almenna vatnsvernd á svæðinu samanber það sem reifað hefur verið hér að framan m.a. settar takmarkanir á flutningi ákveðinna efna og á þungaflutningum um svæðið. Slíkar takmarkanir munu gilda hvort sem valin verður leið 1 eða 7.

Ráðuneytið felst á að aukning í umferðarmagni á svæðinu muni hugsanlega geta leitt til aukningar í loftaðborinni köfnunarefnismengun í Þingvallavatni. Í ljósi hás verndargildis Þingvallavatns og lífríkis þess telur ráðuneytið rétt að framkvæmdaraðila verði skylt að mæla ákomu loftaðborinnar

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007,

„repave“

07-041

Tilboð opnuð þriðjudaginn 8. maí 2007. Yfirlagnir með „repave“ á Suðvestursvæði árið 2007.

Helstu magnþölur eru:

„Repave“ yfirlagnir 62.000 m²
Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	96.075.000	110,2	9.859
---	Áætlaður verktakakostnaður	87.207.500	100,0	991
1	Loftorka Reykjavíkur hf., Garðabæ	86.216.400	98,9	0

Vetrarþjónusta, Reykjanes – Bolungarvík, 2007-2010

07-057

Tilboð opnuð þriðjudaginn 8. maí 2007. Snjómokstur, innan ramma marksamnings, á eftirfarandi leiðum:

- Djúpvegur (61) frá Reykjanesi til Bolungarvíkur
- Vestfjarðavegur (60) um Tungudal
- Hafnarvegur Ísafirði (636)

Helstu magnþölur (miðað við eitt ár) eru:

Snjómokstur með vörubíreið 40.000 km
Vinna vörubíls á tímagjaldi 50 klst.
Vetrarvinna vélamanns 60 klst.
Verki lýkur 30. apríl 2010.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	17.365.560	100,0	5.874
6	Græðir sf., Flateyri	16.775.000	96,6	5.284
5	Ólafur R. Sigurðsson, Ísafirði	16.580.000	95,5	5.089
4	J. Reynir ehf., Þingeyri	15.930.530	91,7	4.439
3	Úlfar ehf., Ísafirði	12.998.000	74,8	1.507
2	K.N.H. ehf., Ísafirði	12.626.600	72,7	1.135
1	Þotan ehf., Bolungarvík	11.491.175	66,2	0

Norðausturvegur (85),

Hófaskarðsleið

06-004

Tilboð opnuð þriðjudaginn 15. maí 2007. Nýbygging Norðausturvegar (85) um Hófaskarðsleið. Um er að ræða u.þ.b. 30,6 km kafla frá Norðausturvegi skammt norðan Klapparóss að Norðausturvegi á Fremri-Hálsi. Einnig skal byggja 28 m langa steinsteypta brú á Ormarsá. Verkið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu magnþölur eru:

Bergskering 145.000 m³
Fylling og fláafleygar 885.400 m³
Neðra burðarlag 135.200 m³
Efra burðarlag 53.800 m³
Stálröraræsi 1.565 m
Tvöföld klæðing 232.000 m²
Frágangur fláa 582.600 m²
Girðingar 58,6 km
Áningarstaðir, fullfrágengir 2 stk.
Mótafletir 759 m²
Steypustyrktarjárn 19,2 tonn
Spennit járnalögn 4.923 kg
Steypa 285 m³

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2009. Þó skal útlögn klæðingar að fullu lokið 1. ágúst 2009

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
9	Ístak hf., Reykjavík	1.066.777.132	108,6	384.247
8	Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	990.989.330	100,8	308.459
---	Áætlaður verktakakostnaður	982.730.000	100,0	300.200
7	Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki	868.100.000	88,3	185.570
6	Háfell ehf., Reykjavík	864.944.050	88,0	182.414
5	KNH ehf., Ísafirði	835.505.555	85,0	152.975
4	Suðurverk ehf., Hafnarfirði	819.700.000	83,4	137.170
3	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	784.433.630	79,8	101.903
2	Klæðning ehf., Kópavogi	727.000.000	74,0	44.470
1	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	682.530.166	69,5	0

köfnunarefnismengunar áður en framkvæmdir hefjast og í a.m.k. 5 ár eftir að framkvæmdum líkur og gera samanturð við aðrar mælingar sem gerðar hafa verið á svæðinu. Slíkar mælingar og mat á þeim skulu unnar í samráði við Umhverfisstofnun. Ráðuneytið hefur heimildir í samræmi við lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess til að grípa til aðgerða leiði mælingar í ljós að lífríki Þingvallavatns og vatnasviðs þess hafi spillst.

Með vísun til ofangreindra röksemda og skilyrðis um mælingu á loftaðborinni köfnunarefnismengun fellst ráðuneytið ekki á að lagning vegar skv. leið 7 muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum vegna aukningar á köfnunarefnismengun á vatnasviði Þingvallavatns.

3.

Kærandi færir þau rök fyrir kröfu sinni að lagning vegar skv. leið 7 muni búa til tvöfalt vegakerfi þar sem núverandi leið yrði enn notuð. Bláskógabyggð hafnar því að um tvöfalt vegakerfi

verði að ræða og vísar í aðalskipulag Laugardalshrepps og Þingvallasveitar þar sem núverandi Gjábakkavegur er skilgreindur sem reið- og gönguleið og auk þess hvílir á honum hverfisvernd sem hluti af Kóningsveginum frá 1907. Leggur sveitarstjórn áherslu á að grípa verði til sérstakra ráðstafana til að hindra umferð bifreiða áfram á núverandi leið eftir að nýr vegur verði tekinn í notkun milli Þingvalla og Laugarvatns og koma þannig í veg fyrir óæskilegt tvöfalt vegakerfi. Hvað varðar hættu á tvöföldu vegakerfi bendir Vegagerðin á í umsögn sinni að það sé Bláskógabyggð sem fari með skipulagsvaldið í sveitarfélaginu og að sveitarfélagið áformi að núverandi vegur nýtist sem göngu- og reiðleið verði nýr vegur lagður. Engin áform séu því um að halda áfram óbreyttri nýtingu núverandi vegar fyrir bílaumferð verði leið 3+7 valin.

Skýrt hefur komið fram hjá Bláskógabyggð að ekki standi til að viðhalda núverandi Kóningsvegi sem leiða myndi til tvöfaldrar vegalagningar á svæðinu og er það í samræmi við samþykkt aðalskipulagi Laugardalshrepps og Þingvallasveitar.

Niðurstöður útböða

Akranesvegur (509), Esjubraut – Kalmansbraut 07-001

Tilboð opnuð þriðjudaginn 15. maí 2007. Endurbygging Akranesveg, á u.þ.b. 1 km kafla, milli Esjubrautar og Kalmansbrautar. Gera skal þrjú vegamót, þar af tvö hringtorg. Einnig skal færa til lagnir og jarðstrengi á svæðinu. Helstu magntölur eru:

Skering	80.000 m ³
Burðarlög	15.200 m ³
Fylling	65.000 m ³
Fláafleygar	18.500 m ³
Malbik	15.000 m ²
Hellulögn	1.300 m ²
Hitaveitulagnir	350 m

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
9	Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	296.821.100	129,7	68.790
8	Borgarverk ehf., Borgarnesi	273.371.000	119,5	45.340
7	Klæðning ehf., Kópavogi	267.000.000	116,7	38.969
6	Vélgrafan hf., Selfossi og Vélsmiðja Suðurlands	253.722.400	110,9	25.691
5	Skóflan hf., Akranesi	253.000.000	110,6	24.969
4	Grafvélur ehf., Hellu	248.321.380	108,5	20.290
3	Heimir og Þorgeir ehf., Reykjavík	245.460.000	107,3	17.429
2	Próttur ehf., Akranesi	244.800.000	107,0	16.769
---	Áætlaður verktakakostnaður	228.815.800	100,0	784
1	Jarðvélur ehf., Kópavogi	228.031.400	99,7	0

Hringvegur (1), Grafarkot – Hraunsnef 07-005

Tilboð opnuð þriðjudaginn 15. maí 2007. Bygging Hringvegur (1) á 9,3 km löngum kafla í Borgarbyggð. Umræddur kafla er frá Grafarkoti um Ólafarflóa, Grábrókarhraun, framhjá Bifröst og Hreðavatnsskála að Hraunsnefi í Norðurárdal. Um er að ræða 8,5 m breiðan veg með tvöfaldr klæðingu.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	60.000 m ³
Grjótnám	12.000 m ³
Efnisvinnsla	43.000 m ³
Fylling og fláafleygar	120.000 m ³
Ræsalögn	245 m
Neðra burðarlag	19.000 m ³
Efra burðarlag	24.000 m ³
Kantsteinar	330 m
Eyjur með steinlögðu yfirborði	550 m ²
Tvöföld klæðing	85.000 m ²
Frágangur fláa og svæða	160.000 m ²

Útlögn slitlags á 3 km kafla skal lokið 15. september 2007. Útlögn fyllingar á 1,2 km kafla (u.þ.b. 40.000 m³) skal vera lokið 1. október 2007.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
7	Klæðning ehf., Kópavogi	269.000.000	114,9	57.139
6	Háfell ehf., Reykjavík	253.426.000	108,3	41.565
5	Vélgrafan ehf. og Borgarvirki ehf.	245.349.500	104,8	33.489
4	Próttur ehf., Akranesi	235.866.000	100,8	24.005
---	Áætlaður verktakakostnaður	234.083.659	100,0	22.223
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	224.248.000	95,8	12.387
2	Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki	215.497.000	92,1	3.636
1	KNH ehf., Ísafirði	211.861.000	90,5	0

Ráðuneytið telur að fram hafi komið af hálfu sveitarfélagsins að fylgt verði þeirri stefnumótun sem sett hefur verið fram í aðalskipulaginu og að komið verði í veg fyrir óbreytta nýtingu núverandi vegar fyrir bílaumferð verði leið 7 valin. Með vísan til ofangreinds felst ráðuneytið ekki á röksemd kæranda varðandi þessa málsástæðu.

4.

Kærandi telur að lagning leiðar 7 muni leiða til að hraðbraut verði heimtuð í gegnum sjálfan þjóðgarðinn af Bláskógabyggð. Hvað varðar þá röksemd kæranda að verði leið 7 heimiluð verði afleiðingin sú að hraðbraut verði heimtuð í gegnum sjálfan þjóðgarðinn fljótlega af Bláskógabyggð bendir Umhverfisstofnun á að ekki sé í skýrslunni fjallað um Gjábakkaveg í samhengi við aðliggjandi vegi né hvernig bregðast eigi við aukinni umferð um þjóðgarðinn. Er það mat Umhverfisstofnunar að skammtímaáhrif fyrirhugaðrar vegagerðar skv. valkosti Vegagerðarinnar muni að öllum líkindum verða þau að gegnumstreymisumferð um þjóðgarðinn eykst en þar til viðbótar kemur aukning á fjölgun ferðamanna á Þingvöllum vegna UNESCO friðunar.

Hvað varðar aukningu á umferð í gegnum þjóðgarðinn vegna lagningu vegar skv. leið 7 kemur fram í umsögn Vegagerðarinnar að málefni umferðar í gegnum þjóðgarðinn séu á forræði Þingvallanefndar og að henni sé heimilt að takmarka umferð og hámarkshraða um þjóðgarðinn. Einnig að það breyti engu um umferðarþunga innan þjóðgarðsins hvort nýr Gjábakkavegur verður byggður upp skv. leið 1 eða leið 3+7.

Ráðuneytið vill benda á að í 2. mgr. 7. gr laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum kemur fram að Þingvallanefnd getur sett sérstakar tímabundnar reglur um umferð innan þjóðgarðsins. Ráðuneytið vill jafnframt benda á að í bréfi frá ICAMOS (*International council of monuments and cites*) frá 1. apríl 2004 komi fram sú krafa að gerð verði grein fyrir hvað verði um umferð sem komi frá hinum nýja vegi sem hannaður sé fyrir 90 km/klst. Þegar hún kemur inn á núverandi veg sunnan við þjóðgarðinn. Óskað er eftir að nefndinni verði sýnt fram á að hámarkshraði á núverandi vegum muni ekki fara yfir 50 km/klst. og að umferð af hinum nýja vegi muni ekki fara að

meginstofni til í gegnum hið tilnefnda svæði. En bréf þetta var sent í tengslum við skráningu svæðisins á heimsminjaskrána. Að mati ráðuneytisins má af framangreindri afstöðu ICAMOS draga þá ályktun að hugsanlega muni nefndin gera kröfu um sérstakar aðgerðir til að draga úr gegnumstreymisumferð í gegnum þjóðgarðinn. Ráðuneytið telur að Þingvallanefnd hafi heimildir til aðgerða til að koma í veg fyrir slíka umferð og að slíkar kröfur muni geta dregið úr hættu á aukinni umferð frá aðilum sem ekki eru sérstaklega að heimsækja þjóðgarðinn. Með vísun til framangreinds felst ráðuneytið ekki á röksemdir kæranda hvað varðar þessa málsástæðu.

5.

Kærandi telur að áhrifasvæði framkvæmdarinnar sé með mikilvægustu náttúruverndarsvæðum og sögustöðum landsins og hafi mikið verndargildi á lands- og alþjóðavísu og að landslagið sé opið og því viðkvæmt fyrir breytingum. Umhverfisstofnun tekur fram í umsögn sinni að sú staðreynd að Eldborgarhrauni hafi verið raskað geri það enn brýnna en ella að forðast rask á því og þá sérstaklega í þeim mæli sem hér um ræðir. Að mati stofnunarinnar er það ekki sjálfgefið að eldra rask réttlæti frekara rask á svæðinu heldur gefur það frekar tilefni til að nýta það mannvirkjabelti sem fyrir er. Vegagerðin bendir á í umsögn sinni að leið 3+7 fari ekki um land Gjábakka og sé því ekki innan þess svæðis sem er á heimsminjaskrá og hluti af þjóðgarðinum. Er það mat framkvæmdaraðila að tilkoma nýs Gjábakkavegar skv. leið 3+7 spilli ekki einkennum Þingvalla eins og þeim er lýst í umsókn um aðild að heimsminjaskrá.

Ráðuneytið vill benda á að samkvæmt a. lið 1. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 er eldhraun landslagsgerð sem nýtur sérstakar verndar og skal forðast röskun þess eins og kostur er. Ráðuneytið felst á það mat Skipulagsstofnunar að við veglagningu skv. leið 7 verði ekki komist hjá neikvæðum áhrifum á ósnortna landslagsásýnd svæðisins sem liggja að hluta til um sérstæða sigdæld á mótum jarðskorpufleka og yfir Eldborgarhraun og sé á jaðri þjóðgarðsins á Þingvöllum. Í hinum kærða úrskurði eru sett fram skilyrði sem framkvæmdaraðila er ætlað að uppfylla í því skyni að draga úr hinum neikvæðu áhrifum leiðar 7 á Eldborgarhraunið. Ráðuneytið

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1) um Staðará 07-066

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að leggja u.þ.b. 0,7 km langan veg í tengslum við byggingu nýrrar brúar yfir Staðará í Suðursveit.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	13.525 m ³
Neðra burðarlag	4.490 m ³
Efra burðarlag	1.075 m ³
Tvöföld klæðing	5.700 m ²
Frágangur fláa	8.585 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. ágúst 2007.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 21. maí 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 5. júní 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Meðallandsvegur (204),

Grenlækur – Fossar 07-028

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn u.þ.b. 1,8 km langs kafla Meðallandsvegar frá Grenlæk að Fossum. Setja skal nýtt tvöfalt ræsi í Jónskvísl.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	5.700 m ³
Neðra burðarlag	4.700 m ³
Efra burðarlag	1.705 m ³
Tvöföld klæðing	13.265 m ²
Ræsalögn	114 m
Frágangur fláa	24.070 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2007.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 21. maí 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 5. júní 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

telur með vísun til þeirra skilyrða sem sett hafa verið um leið 7 megi draga úr áhrifum veglagningar á hraunið að því marki að þau teljist ekki umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

6.

Ráðuneytið telur með vísun til framangreindra röksemda og að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem fram koma í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 24. maí 2006 og þess skilyrðis sem ráðuneytið setur um mælingar framkvæmdaraðila á loftaðborinni köfnunarefnismengun, að áhrif leiðar 7 teljist ekki vera umtalsverð í skilningi b-liðar 2. mgr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ráðuneytið felst ekki með vísun til framangreindra röksemda á kröfu kæranda. Hinn kærði úrskurður Skipulagsstofnunar skal óbreyttur standa að viðbættu einu skilyrði.

Í athugasemdum við fram komnar umsagnir kemur fram sú afstaða kæranda að leið 1 sé að mati hans hönnuð fyrir 90 km hraða þó hún sé áætluð fyrir 70 km hraða og að sú leið sé því ekki ásættanleg. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar kemur fram að hönnunarhraði leiðar 1 er 70 km/klst. Þar sem Vegagerðin taldi að leið 1 með hönnunarhraða 90 km/klst. væri ekki raunhæfur framkvæmdarkostur. Eins og fram hefur komið fellst ráðuneytið ekki á þá kröfu kæranda að hafna valkosti 7 með vísun til þess að hann hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. Með vísun til niðurstöðu ráðuneytisins hvað varðar leið 7, 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um málshraða og að krafan hafi ekki komið fram í kærnu, telur ráðuneytið eins og máli þessu er háttar ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunum um hana.

Úrskurðarorð

Úrskurður Skipulagsstofnunar frá 24. maí 2006 um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar er staðfestur að viðbættu eftirfarandi skilyrði:

5. Vegagerðinni er skylt að láta gera mælingar á ákomu

loftaðborinnar köfnunarefnismengunar áður en framkvæmdir hefjast og í a.m.k. 5 ár eftir að framkvæmdum líkur og gera samanburð við aðrar mælingar sem gerðar hafa verið á svæðinu. Vegagerðinni ber að hafa samráð við Umhverfisstofnun um slíkar mælingar og mat á þeim.

Niðurstöður útböða

Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2007, norðurhluti 07-045

Tilboð opnuð þriðjudaginn 15. maí 2007. Vinnsla steinefna á norðurhluta Norðaustursvæðis, árið 2007.

Helstu magntölur eru:

Efra burðarlag	4.000 m ³
Klæðingarefni	6.000 m ³
Malarslitlag	17.000 m ³

Verki skal að fullu lokið 15. september 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
1	Aðalverk ehf., Aðaldal	40.050.000	124,2	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	32.250.000	100,0	-7.800

Snæfellsnesvegur (54)

um Hítará 06-027

Tilboð opnuð þriðjudaginn 8. maí 2007. Gerð vegar beggja megin nýrrar brúar á Hítará sem byggð verður sumarið 2007. Lengd vegar er um 1,4 km, breidd 7,5 m.

Helstu magntölur eru:

Fylling	10.300 m ³
Skering	6.300 m ³
Neðra burðarlag	4.000 m ³
Efra burðarlag	2.400 m ³
Tvöföld klæðing	11.000 m ²
Fláafleygar	1.500 m ³
Frágangur fláa	20.000 m ²
Frágangur svæða við hlið vegar	10.500 m ²
Girðingar	1.500 m
Vegrið	264 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
7	Grafvélar ehf., Hellu	31.932.700	134,2	12.176
6	Vélgrafan ehf., Selfossi	28.278.000	118,8	8.522
5	Haraldur Helgason og Kaldólfur ehf., Borgarnesi	26.294.500	110,5	6.538
4	Velverk ehf., Borgarnesi	23.893.340	100,4	4.137
---	Áætlaður verktakakostnaður	23.800.000	100,0	4.044
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	23.574.000	99,1	3.818
2	Baldur Björnsson ehf., Borgarnesi	22.355.600	93,9	2.599
1	Berglín ehf., Stykkishólmi	19.756.300	83,0	0

Eyjafjarðarbraut vestri (821),

Sandhólar – Nes 07 - 016

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að endurbyggja Eyjafjarðarbraut vestri á um 4,1 km kafla milli Sólgarðs og Ness.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	14.700 m ³
Neðra burðarlag	18.800 m ³
Efra burðarlag	6.450 m ³
Stálroraræsi	183 m
Tvöföld klæðing	28.500 m ²
Frágangur fláa	41.500 m ²
Vegrið	440 m
Girðingar	800 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. september 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Miðhúsa-vegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu- deginum 21. maí 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 5. júní 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Mat á umhverfisáhrifum Hringveggar (1) um Hornafjarðafljót

- úrskurður umhverfisráðherra

Umhverfisráðuneytið hefur þann 11. maí fellt úr gildi þann þátt ákvörðunar Skipulagsstofnunar sem snýr að öðrum veglínunum en þeim sem Vegagerðin hafði lagt fram. Vegagerðin lagði fram hugmynd að þremur veglínunum sem sjá má hér á korti.

Þann 5. desember síðastliðinn tók Skipulagsstofnun þá ákvörðun um matsáætlun Vegagerðarinnar að einnig þyrfti að meta umhverfisáhrif á öðrum leiðum, annars vegar svokölluðum núllkosti, sem er að fara sömu veglínu og nú er til staðar, og hins vegar leiðum 4a, 4b, 5a og 5b. Þær leiðir eru samkvæmt hugmyndum landeigenda á svæðinu.

Þessa ákvörðun kærði Vegagerðin til umhverfisráðuneytisins 5. janúar 2007.

Skipulagsstofnun hafði að vissu marki til viðmiðunar í ákvörðun sinni úrskurð umhverfisráðherra um Gjábackkaveg. Nú hefur ráðherra úrskurðað að nýju um þann veg, úrskurðurinn birtist hinn 10. maí. Þessi úrskurður nú er í samræmi við þann úrskurð.

Vegagerðin benti á það að valkostirnir þrír tækju mið af meginmarkmiðum framkvæmdarinnar. Þau eru að bæta vegsamgöngur á svæðinu, með því meðal annars að stytta Hringveginn um 11 km, auka umferðaröryggi, draga úr slysaþættu og tryggja góðar samgöngur. Einnig er lögð á það áhersla í samgönguáætlun að stytta vegalengdir á þjóðvegakerfinu. Talið er að fækka megi slysum um 65 prósent með því að færa veginn.

Skipulagsstofnun ítrekaði í umsögn um kær-una þá skoðun stofnunarinnar að þegar fjallað sé um matsskyldar vegaframkvæmdir eigi í frummatsskýrslu að fjalla um endurbyggingu núverandi vega þannig að tryggt sé að sá kostur sé alltaf fyrir hendi þegar um er að ræða vegagerð á viðkvæmum svæðum.

Umhverfisráðuneytið fellst ekki á þörf þess að meta leiðir 4 og 5 fyrst og fremst af þeirri ástæðu að framkvæmdaraðili hefur forræði á því hvaða kosti hann telji að uppfylli markmið framkvæmdar hverju sinni, sem þá beri að skoða í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Um þetta hafi ráðuneytið úrskurðað áður.

Varðandi núllkostinn telur Vegagerðin í ljósi fyrri úrskurða ráðuneytisins að því aðeins beri að meta umhverfisáhrif endurbyggingar núverandi vegar að ekki sé útilokað að sá kostur geti uppfyllt meginmarkmiðin með framkvæmdinni. Stytting Hringveggar og verulega bætt umferðaröryggi eru ófrávíkjanleg meginmarkmið með þessari framkvæmd. Ráðuneytið felst á það með Vegagerðinni að ekki þurfi að fara fram mat á núllkostinum þótt meta þurfi slíkt í hverju tilviki fyrir sig.

Úrskurðarorðin eru því þau að fallist er á kröfu Vegagerðarinnar og þeir hlutar ákvörðunar Skipulagsstofnunar sem snýr að mati á leiðum 4 og 5 og núllkosti felldir úr gildi.

Vegagerðin reiknar með að ljúka við matsáætlun vegna leiða 1, 2 og 3 í næsta mánuði.





Leid 2
Leid 3



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit	07
07-068 Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi	07
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07
07-049 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Öxnadalshéiði	07
07-050 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suður-Pingeyjarsýsla	07
07-051 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norður-Pingeyjarsýsla	07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	07
07-054 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Firðir	07
07-055 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hornafjörður	07
07-048 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008	07
07-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2007-2008	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álfanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álfanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottáskriður	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalssvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
07-064 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg	21.05.07 12.06.07

Auglýst útboð, framhald	Auglýst: Opnað:
07-066 Hringvegur (1) um Staðará,	21.05.07 05.06.07
07-028 Meðallandsvegur (204), Grenlækur - Fossar	21.05.07 05.06.07
07-016 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	21.05.07 05.06.07
07-061 Norðfjarðargöng og Óshlíðargöng borun rannsóknarholna	07.05.07 22.05.07
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
07-034 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007-2008, klæðing	30.04.07 15.05.07
07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef	30.04.07 15.05.07
07-045 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2007, norðurhluti	30.04.07 15.05.07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	23.04.07 15.05.07
07-001 Akranesvegur (509), Esjubraut - Kalmansbraut	16.04.07 15.05.07
07-057 Vetrarþjónusta, Reykjanes - Bolungarvík, 2007-2010	23.04.07 08.05.07
07-042 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, malbik	23.04.07 08.05.07
07-041 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, „repave“	23.04.07 08.05.07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	16.04.07 08.05.07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), Héraðsdalsvegur - Svartá	16.04.07 02.05.07
07-033 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, malbik	16.04.07 02.05.07
07-032 Vetrarþjónusta í Vestur-Skaftafellssýslu 2007-2012, austurhluti	16.04.07 02.05.07
07-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, norðurhluti, klæðing	02.04.07 17.04.07
07-029 Vetrarþjónusta í Vestur-Skaftafellssýslu 2007-2012, vesturhluti	02.04.07 17.04.07
07-059 Yfirborðsmerkingar, vegmálun, 2007-2010	02.04.07 17.04.07
07-056 Hringvegur (1), hringtorg við Þingvallaveg (36)	19.03.07 03.04.07
07-015 Norðausturvegur (85), Presthólar - Kópasker	19.03.07 03.04.07
Samningum lokið	Opnað: Samið:
06-073 Dranganesvegur (645), Strandavegur - Reykjanes KNH ehf.	02.05.07 11.05.07
07-027 Hringvegur (1) um Selfoss breikkun hringtorgs Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	02.05.07 10.05.07
07-022 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2007 Borgarverk ehf.	17.04.07 09.05.07
07-046 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, austurhluti, klæðing Malarvinnslan hf.	11.04.07 07.05.07
07-006 Djúpvegur (61), Eyri - Svansvík KNH ehf.	03.04.07 05.05.07